

1. fundur í skólaráði Álfhólsskóla 25. nóvember 2010.

Mættir. Anna Guðný Björnsdóttir, Eiríkur Ólafsson, Kristján Óli Ingvarsson, Kristófer Eggertsson, Magnea Einarsdóttir, Marinó Marinósson, Rúna Björk Þorsteinsdóttir; Sigrún Bjarnadóttir, Særún Sigurjónsdóttir og Össur Geirsson.

Dagskrá:

1. Starfsreglur skólaráðs

Lögð voru fram ljósrit af reglugerð um skólaráð við grunnskóla og einnig ljósrit af starfsreglum skólaráðs Álfhólsskóla sem var unnin 22.október 2010.

2. Verkefnalisti skólaráðs

Lögð voru fram drög að verkefnalista vetrarins og rætt um að dagskráin gæti breyst.

3. Nemendaferðir

Foreldrar vildu halda áfram með Reykjaferð 7. bekkja og farið verður í janúar. Nemendur eru að vinna að fjáröflun og gengur mjög vel. Dæmi eru um að bekkir séu komnir með 70 % af kostnaði. Söfnunin er hópsöfnun þar sem allir safna saman sem deilist jafnt.

Þetta er því í raun samfélagsverkefni um leið.

Hefð er fyrir því að 9. bekkur fari til Danmerkur að vori en í fyrra tókst ekki að finna skóla í Danmörku en á endanum fannst einn í Færejum sem hætti svo við á síðustu stundu. Nemendur voru flestir búnir að safna fyrir ferðinni (þau sem voru áður í Hjallaskóla) og var ákveðið að fara með allan 10. bekkinn í útskriftarferð til Danmerkur næsta vor. Nemendur eru að vinna að fjáröflun með margskonar hætti.

Skólaráð ræddi um að taka þyrfti ákvörðun varðandi 9. bekk þetta árið og ákvað svohljóðandi ályktun.

Ekki hefur fundist skóli fyrir 9. bekk og þess vegna er ekki grundvöllur fyrir samskonar ferð í ár.

Nauðsynlegt að fá foreldra og bekkjarfulltrúa á fund til að ræða hvort grundvöllur sé fyrir áframhaldi á svona ferðum. Ferðirnar hafa haft mikið hópeflisgildi og mikil eftirsjá í að fella þær niður. En ferðirnar eru dýrar og gengið hefur illa undanfarin ár að fá móttökuskóla í Danmörku. Með auknum fjölda nemenda er hæpið að það breytist. Finna þarf einhverskonar verkefni í staðinn sem að hefur svipað hópeflislegt gildi .

Laun kennara í nemendaferðum sem þessum eru greidd af skólanum af félagsstarfskvóta.

4. Stefnumótun

Farið var yfir stöðu verkefna frá skólabyrjun til dagsins í dag. Ákveðið er að skipulagsdagur 3. Janúar verði helgaður stefnumótun. Gylfi Dalman mun leiða þá vinnu. Þann 14. mars 2011 verður stefnumótunardagur með starfsmönnum og foreldrum.

5. Önnur mál

Fulltrúar foreldra lögðu fram blað með spurningum sem að þau óskuðu eftir svörum við.

Vísað er í heimasíðu skólans þar sem finna má mörg þeirra, vinna þarf svör við öðrum og koma til foreldra í skólaráði.

Rúna Björk Þorsteinsdóttir, fundarritari.